

skiftist í tvær sóknir, Holtssókn og Flateyrarsókn, og að ný kirkja verði byggð að Flateyri, þannig, að hreppsmörkin verði látin ráða<sup>9.</sup> sept. sóknarskiftingunni, að skifting þessi fari fram þá er kirkjan er byggð á Flateyri, og að þá skuli sjóði Holtskirkju skift á milli hinna væntanlegu sókna, hlutfallslega eftir tölu gjaldskyldra manna í hvorum hluta sóknarinnar eins og hún hefir verið síðastliðin 5 ár.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslu- 61**  
mannsins í Rangárvallasýslu, um flutning þingstaðar. 7. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 26. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður téðs hrepps verði fluttur frá Grjóta að Krossalækjará rjett við þjóðveginn, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**REGLUR**

um

**um meðferð á skógum og kjarri.**

**62**  
16. apríl

Samkvæmt lögum um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. frá 7. maí 1928, eru hérmeð, eftir tillögum skógræktarstjóra, settar eftirfarandi nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri.

**A. Um skógarhögg.**


1. Í skóglendi þar sem trjágróðurinn er þéttur, sbr. 1. mynd, og þroskamikill útlits, hvort sem hann er hár eða lágur, má eigi höggva (grisja) meira en það, að krónur þeirra hríslna, sem eftir eru skildar, snerti hver aðra að einhverju leyti, sbr. 2. mynd. Reyna skal eftir

62 megni að skilja eftir teinunga þá, sem eru beinvaxnastir, fegurstir út-  
16. apríl lits og yngstir.

Ráða má af lit barkarins hvort hríslurnar eru yngri eða eldri. Þær hríslur, sem eru fárra ára gamlar, nýgræðingurinn, eru klæddar grábrúnum, loðnum berki. Með aldrinum verður börkurinn gljáandi, dökkbrúnn og snoðinn. Þar sem skógargróðurinn er skemmdur, sem hér á landi á sér stað, breytist dökkbrúni liturinn í ljósgráan, en þar sem birkigróðurinn er óskemmdur breytist hann fyrst í gulgráan lit, síðan í hvítan. Bilin, sem koma fram við grisjunina, mega eigi vera stærri en það, að þau séu horfin að liðnum 4—6 árum, en hér á landi er ómögulegt að setja ítarlegar reglur fyrir því. Því hærri sem hríslurnar eru, því fyr vaxa þær saman, og verður því að gera fyrir því með því að hafa millibilin við grisjunina stærri. Ef of stór bil verða við það að taka burtu heilar hríslur, þá má í þess stað taka af þeim eina eða fleiri greinar. Í þesskonar skóglendi er því grisjað í þeim tilgangi, að flýta fyrir vexti þeirra hríslna sem mestum þroska hafa náð, en þrátt fyrir það má ekki uppræta nýgræðinginn, sem er inni í runnunum,

*Skógargróður, séð að ofan.*

### *1. Mynd.*




*Þétt kjarr: Krónur hríslanna standa svo fast hver við aðra, að aðeins eru milli þeirra örsmá göt [táknud með svörtu].*

Því að ef maðkur eða einhver sýki gerir vart við sig, þá er venjan sú, **62** að nýgræðingurinn hafi meiri mótstöðukraft en eldri hríslurnar, og <sup>16.</sup>apríl ef þær deyja, tekur nýgræðingurinn við af þeim.

Eigi má höggva þannig að hríslurnar standi á víð og dreif eða í þyrpingu, sbr. 3. mynd, því sú meðferð á skóglendi dregur úr vexti trjágróðursins.


Ekki má grisja sama blettinn oftari en 8. hvert ár, þó mega eigendur eða notendur skógar skifta skóglendinu í 8 hluta og grisja einn hluta þess þannig, að alt svæðið verði grisjað að 8 ára fresti.

2. Mynd.



Sama kjarr rétt höggvið.

3. Mynd.



Sama kjarr rangt höggvið.

2. Í skóglendi, þar sem trjágróðurinn hefir sætt svo illri meðferð, að hann er farinn að ganga úr sér, er á sumum stöðum orðinn gisinn, annarsstaðar ennþá þéttur, en þó allstaðar veiklulegur og kirkingslegur útlits, þar má eigi grisja eins og venja er til. Þar sem svo er ástætt má eigi treysta gömlu hríslunum hvað vaxtarframfarir snertir. Meðferð þess konar kjarrs er í því fólgin, að taka smámsaman burtu gömlu hríslurnar svo nýgræðingurinn geti þróast og komið í þeirra stað.

3. Skifting skóglendis og brautarhögg.

Eins og áður hefir verið tekið fram má grisja að 8 ára fresti. Að sjálfsögðu ætti því að skifta skóglendinu, eða nokkrum hluta þess í 8 nokkurnveginn jafnstóra teiga og grisja svo einn teiganna árlega.

62] Eigandinn verður að gera sér grein fyrir hve stórir teigarnir eiga að  
16. apríl vera til þess að geta grisjað í hverjum þeirra svo mikið sem hann þarf  
árlega. Í þéttu kjarri, sem er um 2ja metra hátt, falla um 3½ smá-  
lestir af vallardagsláttu, við síðari grisjanir minna, 2—2½ sml.

Á láglandi má skifta kjarrsvæðum þannig í teiga, að höggva  
örmjóa stíga um þau, en í fjallshlíðum þannig, að lækir, gil og jarð-  
föll ráði þar sem því verður komið við.

Brautir skulu vera 3ja metra breiðar til þess að klyfjahestur  
geti farið um þær. Eigi er nauðsynlegt að gera brautirnar allar í einu.  
heldur má, eftir ástæðum, bæta við þær. Þar sem brautir skulu höggv-  
ast upp eftir hlíðum, mega þær ekki liggja beinnt upp eftir hlíðinni,  
heldur í sneiðingum, því ella getur vatnið í vorleysingum grafið upp  
jarðveginn og þannig valdið því að skógarsvæðið blási upp. Af sömu  
ástæðu skal vera kjarrbelti, 70 metra breitt að minnsta kosti, milli  
efri enda brautarinnar og skógarjaðarins.

Á sléttlandi geta brautirnar verið bæði til flutninga og sem  
merkjalínur. Betra er að þær séu í bugðum, sem stuðlar að því að  
landið blæs síður upp.

#### B. Um friðuð svæði.

Á landsvæðum þeim, er landsstjórnin hefir valið til friðunar  
í samráði við skógræktarstjóra, má eigi beita skepnum á tímabilinu  
frá 1. okt. til 15. júní, en annan tíma árs aðeins gera það með leyfi  
skógræktarstjóra og skógarvarða. Nú fellur niður girðing sú, sem gerð  
hefir verið um þessi friðuðu svæði, eða skemmist, og ber þá nothafa  
jarðar þeirrar, þar sem girðingin er, að tilkynna hlutaðeigandi hrepps-  
stjóra tafarlaust um skemmdirnar, en honum ber svo að hlutast til um  
að girðingin verði endurbætt, en þar til það hefir verið gert, ber not-  
hafa eftir megni að verja svæðið fyrir ágangi af skepnum. Vanræksla  
í þessu efni getur varðað frá 5—100 kr. sektum samkvæmt 10. gr.  
skógræktarlaganna, 16. febrúar 1928.

Vísvitandi skemmdir á téðum girðingum varða sektum eða  
fangelsi samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Reglur um meðferð á skógum og kjarri 2. maí 1912 eru hér-  
með úr gildi fallnar.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vigfús Einarsson.*